

19/03/2023

# Læsi - Á vit ævintýranna

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Unnur María Sólmundsdóttir  
BREIÐHOLTSKÓLI

# Breiðholtsskóli

## Læsi - Á vit ævintýranna

Verkefnastjóri Unnur María Sólmundsdóttir

Umsóknarnúmer er UMS – 71, styrkur var veittur vorið 2021 fyrir skólaárið 2021-2022, áætluð verkefnalok voru í júní 2022. Verkefnið tafðist vegna áhrifa Covid-19 en er að lauk í desember 2022.

### Markmið verkefnisins voru að;

- vekja áhuga nemenda á læsi með áherslu á að ná sérstaklega til áhugasviðs drengja.
- nýta hugmyndafræði fjölgreindakenningar við að efla áhuga, virkni og lestrarfærni nemenda.
- nýta aðferðir leiðsagnarnáms við að virkja nemendur í námi.
- höfða til drengja með því að tengja læsi við ævintýri, keppni, samvinnu, þrautir og leiki.
- samþætta námsgreinar og samtvinna þær ævintýraheimi bókmenntanna.
- ná mælanlegum árangri drengja í lesfimi, lesskilningi og áhuga á lestri.
- nýta markvissa málörvun, læsi, talað mál og hlustun til að efla orðaforða og ritun barna með fjölmennningarlegan bakgrunn.
- efla skólabraginn með skemmtilegum þemaramma sem nær til allra nemenda á öllum aldursstigum.
- styrkja faglega þekkingu starfsfólks á læsi og að efla samstarf við frístundaheimilið Bakkasel um málörvun, læsi, talað mál og hlustun.

### Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum.

Þróunarverkefnið var sett upp í 9 verkþætti:

1. Setja saman stýrihóp með starfsmönnum skóla og frístundar.
2. Kynna verkefnið fyrir starfsmönnum skóla og frístundar.
3. Greina stöðu nemenda í læsi og áhuga á lestri.
  - a. Rýna í kynjamun og mun á nemendum eftir þjóðernum.
  - b. Rýna í gögn sem skólinn á um áhuga nemenda á lestri bóka og útlánstölur bókasafns.
  - c. Taka grunnlínuræling miðað við ofangreint.
4. Kalla rýnihópur nemenda saman í hugmyndavinnu.
  - a. Hópi skipt eftir kyni til að fá fram sjónarhorn drengja.
5. Stýrihópur safni saman fræðilegu efni um læsi og leitar rannsókna um læsi drengja.
6. Stýrihópur sækir eftir faglegri ráðgjöf hjá HÍ og HA eftir þörfum.
7. Lestur fræðigreina um lestrarkennslu, Aðalnámskrá grunnskóla, Menntastefnu Reykjavíkurborgar og grunnþáttinn Læsi.
8. Undirbúa kynningu á verkefninu fyrir forsjáraðila að hausti, sem og fyrir starfsfólk skóla og frístundar.
9. Móta áætlun verkefnisins
  - a. Setja markmið.
  - b. Velja ævintýraheim skólaársins 2021-22.
  - c. Setja upp mat.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Til stóð að ljúka verkefninu vorið 2022 en vegna COVID voru margir verkþættir enn í vinnslu eða ekki komnir til framkvæmda þá. Ákveðið var að fresta verkefninu fram á haust 2022 og halda áfram með það þá. Það var gert og í framhaldi var tíminn nýttur til að undirbúa framhald verkefnisins að vori 2023 með nýju ævintýrapema.

## Stýrihópur

Settur var saman stýrihópur með skólastjórnanda, safnakennara og umsjónarkennurum af öllum skólastigum auk stuðningsfulltrúa og starfsmanna Bakkasels. Í rýnihóp sátu: Elfa Arnardóttir fyrir hönd stjórnenda, Unnur María Sólmundsdóttir safnakennari, Guðný Maja Riba og Sigurlaug Hauksdóttir af yngsta stigi, Hulda Ingibjörg Magnúsdóttir fyrir miðstig og Kristín Ósk Unnsteinsdóttir fyrir unglíngastig. Ekki náðist að virkja stuðningsfulltrúa eða sérkennara. Sandra Ósk Ingvarsdóttir var fulltrúi Bakkasels. Ásta Bjarney Elíasdóttir skólastjóri hélt utan um mat á verkefninu og kostnaðarpáttinn.

Verkefni stýrihóps var meðal annars hugmyndavinna, ákvarðanatoka, taka stöðumat og skipuleggja næstu skref. Markmiðið einnig að safna saman fræðilegu efni um læsi, leita rannsókna um læsi drengja og sækja eftir faglegri ráðgjöf hjá HÍ og HA eftir þörfum.

Elfa Arnardóttir og Unnur María Sólmundsdóttir sóttu námskeið *Lestrarsamfélagið, lestrarhvöt og áhrifavaldar* hjá Menntamiðju, en markmið námskeiðsins er að efla námssamfélag um lestur og lestraráhuga, styðja kennara og skólasafnakennara til að byggja upp jákvæð og hvetjandi lestrarsamfélög í skólum. Námskeiðið var nokkur skipti yfir allt skólaárið og ýmsar hugmyndir tengdar inn í starf skólasafnsins, [sjá nánar](#).

Guðný sótti námskeið hjá HA í byrjendalæsi og var leiðtogi kennara í skólanum. Sigurlaug sótti námskeið um læsi hjá HÍ. Hulda Ingibjörg og Kristín Ósk sóttu fjarnámskeið um PALS.

## Hindranir

Ekki náðist að funda eins oft og til stóð og skipaði covid 19 þar stórt hlutverk. Aldrei náðist að húa allan stýrihópinn saman en einstaklingar unnu að ýmsum þáttum á sínum svæðum. Þó nokkur áskorun fólst í því að halda verkefninu gangandi án þess að nemendur eða kennarar gætu hist utan sinna bekkjardeilda.



## Mat á verkefninu

a) Verkefnið var metið á þrennskonar máta. a) greining á læsi, b) Rýna í gögn sem skólinn á um áhuga nemenda á lestri bóka og útlánstölur bókasafns og taka grunnlínumælingar.



a) Greining á læsi

Rýnt í kynjamun og mun á nemendum eftir erlendum og íslenskum bakgrunni.



Þegar niðurstöður úr lesfimi eru rýndar er mjög lítill munur á milli kynja í 1. – 4.bekk.



Í 5. -7. bekk fara stúlkurnar að taka fram úr drengjunum og fleiri stúlkur ná efri viðmiðum en álíka stórt hlutfall nær ekki neðsta viðmiði.




Í 8. – 10. bekk fara drengirnir fram úr stúlkunum og 27% þeirra ná efstu viðmiðum á meðan 22% stúlkanna ná efstu viðmiðum. Þó eru fleiri drengir undir viðmiði en stúlkur.



Þegar við skoðum skólann í heild ná 24% stúlkna efstu viðmiðum á móti 23% drengja og 39% stúlkna ná ekki viðmiðum á móti 41% drengja. Lítil munur er því á milli lesfimi drengja og stúlkna þó stúlkurnar nái aðeins betri árangri.


## DRENGIR 1-10

■ Undir viðmiði 1    ■ Milli viðmiða 1 og 2  
■ Milli viðmiða 2 og 3    ■ Yfir viðmiði 3




## STÚLKUR 1-10

■ Undir viðmiði 1    ■ Milli viðmiða 1 og 2  
■ Milli viðmiða 2 og 3    ■ Yfir viðmiði 3





Ákveðið var að skoða muninn á niðurstöðum í lesfimi ef rýnt væri í uppruna barna, hvort þeir séu með erlendan bakgrunn eða íslenskan. Mun fleiri nemendur af erlendum uppruna ná ekki viðmiði 1 í 1. -4. bekk heldur en nemendur af íslenskum uppruna.

### Staða eftir bakgrunni 1.- 4.b





### Staða eftir bakgrunni 5. - 7.b





Þegar við skoðum skólann í heild sést greinilega munur á milli nemenda með erlendan bakgrunn og þeirra sem hafa íslenskan bakgrunn. Þá var ekki tekið tillit til þess hvort nemendur höfðu búið alla tíð á Íslandi eða ekki. Þarna birtist okkur áskorun sem við þurfum að bregðast við.



b) Rýna í gögn sem skólinn á um áhuga nemenda á lestri bóka og útlánstölur bókasafns.

Útlánstölur fyrir bókasafn voru ekki teknar saman þar sem aðgangsstýring og hólfaskiptur opnunartími hafði töluverð áhrif á útlán og nýtt kerfi var sett á áður en skóla lauk. Sama á við um tölur vegna bókaklúbba en töluverðar lokanir voru á bókasafni.

- Á alþjóðadegi læsis 8. september gerðu nemendur hugtakakort út frá áhugasviði sínu og svöruðum spurningum eins og uppáhaldshöfundar, hvað er skemmtilegast að lesa, hvernig get ég eftir mig í læsi og ævintýri sem ég vildi vinna með. Hugtakakortunum skilað til stýrihóps til greiningar.
- Áhugasviðskönnun Menntamálastofnunar var lögð fyrir í öllum árgöngum og töluvert gagnasafn myndaðist, sjá [Könnun á áhugaverðu lesefni](#).
- Í október var gerð viðhorfakönnun til lestrar og borin saman við eldri könnun frá því í okt. 2020. Því miður kom fram að nemendur hafa svipaða ánægju af námsbóka og frjálslestrabóka eins og áður en færri vilja lesa upphátt fyrir aðra en áður. Færri lesa á hverjum degi sér til ánægju og fleiri lesa bara þegar þeir eiga að gera það.

c)Taka grunnlínumæling miðað við ofangreint. Þessar niðurstöður verða allar nýttar til samanburðar í framtíðinni og því er komið ágætis grunnlína til að vinna með áfram.

### Rýnihópur nemenda

Settir voru saman sex rýnihópar nemenda og fundað með þeim í september. Nemendum var kynjaskipt þar sem fulltrúar stúlkna hittust á hverju stigi fyrir sig, og fulltrúar drengja, til að ná fram áhugasviði eftir kyni og aldri. Margvíslegar spurningar voru lagðar fyrir hópinn og myndarlegt safn hugmynda safnaðist sem deilt var með kennurum. Með annars söfnuðust tæplega 60 hugmyndar að ævintýraþemum til að vinna með þar sem Harry Potter var vinsælast og heimur Disney þar á eftir. Í kjölfarið ákvað Læsiteymið að galdraheimur Harry Potter yrði fyrsta stóra þemaverkefnið á vorönn 2022 og veröld Disney yrði tekin fyrir haustið eftir.

### Ávinningur verkefnisins

Í heildina er ávinningur verkefnisins mjög mikill. Læsi var gert hátt undir höfði og verkefnið setti jákvæðan skólabrag með ýmsum sýnilegum verkefnum og ævintýralegum myndum. Ævintýraheim Harry Potter var gert hátt undir höfði en ýmsir aðrir bókaklúbbar spruttu líka upp svo sem Strumpaklúbbur og vísindaklúbbur.

### Sýnileiki

#### Haust

- Bókakostur skólabókasafnins var eflur til muna hvað varðar Harry Potter bækur.
- Skjálir á heimasíðu, í matsal og á kaffistofu starfsfólks var skreytt þemanu.
- Veggsþjöld voru útbúin með persónum úr galdraheiminum með ýmsum skilaboðum til starfsfólks og nemenda.
- Verðalaun fyrir piparkökusamkeppni og aðrar keppnir á aðventunni valin með hliðsjón af Harry Potter þemanu og margvísleg borðspil keypt í samstarfi við Foreldrafélag Breiðholtsskóla.

#### Vor

- Heimalestrarhefti voru útbúin með myndum úr Harry Potter.
- Harry Potter bókamerki/bókasafnsskírteini útbúið handa nemendum og starfsfólki.
- Harry Potter lestrarpeningar útbúnir og samvinnu við Gringottsbanka var Bókabanki Breiðholtsskóla opinn í 8 vikur á vorönn þar sem nemendur gátu verslað eitt og annað fyrir lestrarkrónur sínar.
- Margvíslegar Harry Potter vörur útbúnar fyrir Bókabankann, m.a. fjölbreytt bókamerki, goggar og þrautablöð.

- Gullmiðar frá Gringottsbanka útbúnir fyrir umsjónarkennara í 1.-4 bekk til notkunar sem nokkurs konar umbun á bókasafni.
- Veggspjöld og merkingar í tengslum við öskudag skreyttar með þemamyndum úr HP.
- Fréttabréf, Galdratíðindi, útbúið með ýmsum hugmyndum og upplýsingum fyrir starfsfólk
- Bakkasel vann með verkefnið í hópstarfi sínu.

### Verkefni nemenda

- Nemendur í 3. bekk fengu fyrirlestur á skólasafni um kynjadýrin í Harry Potter og hönnuðu í kjölfarið sína eigin kynjaskepnu auk þess að vinna með hugtök eins og fæða, heimkynni, hæð, lengd, þyngd, hæfileikar, útlit og innræti.
- Nemendur í 6. bekk fengu kynningu á Dobby húsálfi og lífshlaupi hans og þjálfus sig í ritun með því að skrifa minningargrein um hann.
- Nemendur í 9. bekk skiptu með sér bókaflokknum og sömdu námsefni upp úr efninu sem nýst getur nemendum á miðstigi. Unnið var sérstaklega með bókmenntahugök og málfræði.
- Nemendur í vali í heimilisfræði umorðuðu valdar uppskriftir og aðlöguðu að galdrapemanu við gerð Galdramatreiðslubókar. Verkefnaskil voru léleg og ekki náðist að fullgera bókina.

### Afurðir verkefnisins

Ýmsar aðrar afurðir urðu til

- *Læsi - Á vit ævintýranna, hugmyndabanki eftir árgöngum.* Skjal með verkefnum tengdum orðaforða, áhugasviðskönnunum, læsisráðum, orðaveggjum, líkönum, lesfímiaðferðum, lestrarkennsluáðferðum, yndislestrarhugmyndum, bókaáskorunum, leshringjum o.s.frv.
- *Hugmyndabanki rýnihóps nemenda.* Hugmyndir að ævintýrum og þemum sem hægt er að vinna með í öllum fögum á öllum skólastigum í eina önn. Í kjölfarið var skoðað hvernig hægt væri að vinna með þema í ýmsum fögum, heima og í skólanum. Í hugmyndabankanum eru fleiri tugir hugmynda. Þankahríðalistinn er óflokkaður og líklegt að einhverjar endurtekningar séu í þeim lista. Þankahríðalistinn er einnig óritskoðaður og allar hugmyndir, geranlegar sem mögulega ógeranlegar, komust á blað.
- *Prentgögn.* Myndabankar, veggspjöld, kennslupeningar, bókamerki, lestrarhefti, litabækur, bingó, verkefnablöð, ...
- *Kynningapakkar* á glæruformi fyrir starfsfólk Breiðholtsskóla, Bakkasels og foreldra.
- *Galdratíðindi*, fréttabréf til starfsfólk með ýmsum gögnum og upplýsingum tengdum þemanum.

### Mat verkefnastjóra og skólastjóra

Margt var gert og vel gekk að hafa verkefnið sýnilegt í skólastarfinu þótt nemendur hafi unnið færri verkefni en til stóð og þar af leiðandi minna um beinar afurðir þeirra. Viðhorf kennara gagnvart verkefninu var stundum neikvætt en margir töldu sig ekki geta bætt því í inn vegna álags og anna. COVID-19 átti sinn þátt í að tefja fyrir verkefninu, allar samkomur sem halda átti voru bannaðar vegna fjöldatakmörkana, mannekla var tíð í starfsmannahópnum og starfsmenn áttu fullt í fangi með að halda utan um nám nemenda sem voru gjarnan frá vegna sóttkvía og einangrunar.



Verkefnið hafði þó skemmtileg áhrif á skólabraginn með Harry Potter þemanu og vinsældir bókasafnsins jukust. Bókasafnið er orðinn að ævintýraheim þar sem gott er að koma og setjast niður með bók. Öll þau einstaklingsverkefni sem spruttu af verkefninu höfðu góð áhrif á nemendur eins og bókaklúbbarnir, lestrarsprettir, „bankakrónurnar“ og fleira. Það jákvæða er að geysimikið hugmynda- og gagnasafn varð til byggt á áhugasviði nemenda sjálfra sem auðveldar áframhaldandi vinnu við þróunarverkefnið. Eftir haustönnina 2022 var ákveðið að skipta yfir í næsta þema sem nemendur völdu að hafa Disneyþema. Það er komið af stað og lítur vel út með framhaldið.

### **Náðust markmiðin?**

Markmiðin voru viðamikil og ítarleg. Mörg þeirra náðust, sum eru enn í vinnslu og að öðrum verður unnið áfram. Vel tókst að ná til áhugasviðs drengja þar sem að bókaklúbbur eins og hryllingsklúbbur og vísindaklúbbur spruttu upp. Þá náðist vel að virkja drengi og stúlkur við að safna sér „lestrarkrónum“ með lestri og kaupa sér ýmis verðlaun fyrir. Nemendur sýndu PALS líka mikinn áhuga sem og alls konar þrautum og leikjum.

Nemendur sýna ekki meiri áhuga á að lesa upphátt en eru virkir í að fá sér bækur á bóksafninu og sækja í dvelja þar. Enn er tækifæri til að vinna betur að þessum þætti. Lítið var unnið að því að nýta aðferðir leiðsagnarnáms við að virkja nemendur í námi. Lestur var samþættur við ýmsar námsgreinar en þar má samt gera betur.

Árangur nemenda í lesfimi, lesskilningi og áhuga á lestri var rannsakaður og komin er skýr grunnlína til að byggja á.

Næstu verkefni skólans verður áhersla á nemendur með íslensku sem annað mál, efla orðaforða og ritun. Búið er að sækja um styrk í frekara verkefni.

Vel tókst að efla skólabraginn með skemmtilegum þemamma og nú þegar er næsti þemamma kominn í loftið þar sem Disney persónur verða alsráðandi.

Fagleg þekking starfsfólks var styrkt og áhugi þeirra á læsi eflaður. Samstarf við frístundaheimilið var lítill en þó gerðu þau Harry Potter hátt undir höfði með bókakaupum, spilum og leikföngum. Tækifæri eru á frekari samvinnu við frístundaheimilið Bakkasel um málörvun, læsi, talað mál og hlustun.

### **Kynning á verkefninu**

Fulltrúi stýrihóps útbjó kynningar á verkefninu og hélt fyrir starfsfólk Breiðholtsskóla, Læsisteymi, starfsmenn Bakkasels og fulltrúa í Foreldrafélagi Breiðholtsskóla. Þá voru niðurstöður kannana kynntar fulltrúum í skólaráði.

## Rekstrarreikningur

Styrkurinn var að mestu nýttur til að greiða laun fulltrúa í stýrihópi og til að efla bókakost skólans. Sú fagleg ráðgjöf sem hópurinn fékk kostaði ekkert þar sem að starfsfólk miðlaði sín á milli, fengu frítt PALS námskeiði og fría ráðgjöf frá Miðju máls og læsis. Kennarafundir á vegum skólans og þróunarfundir voru nýttir þegar allir kennarar unnu saman að verkefninu og er það ekki talið upp sem kostnaður hér.

Uppgjör á styrk	Gjöld	Tekjur
Vinna stýrihóps -Stýrihópafundir, undirbúningur, framkvæmd, úrvinnsla gagna og skýrslugerð.	652.463	
Efling bókakosts - Lýsing Aukinn bókakostur á skólasafnið fyrir þematengdar bækur í mismunandi árgöngum.	347.537	
Styrkur frá Sprotasjóði		1.000.000
<b>Samtals</b>	<b>1.000.000</b>	<b>1.000.000</b>

Undirskriftir eru rafrænar frá Unni Maríu Sólmundardóttur verkefnastjóra og Ástu Bjarney Elíasdóttur skólastjóra.